

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. júlí 2013
Tilvísun: UST20130700144/bs

Mat á umhverfisáhrifum - 66 kv jarðstrengur í Fáskrúðsfirði og 132 kv jarðstrengur í Reyðarfirði og Eskifirði. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 19. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða:

A lagningu 66 kv jarðstrengs frá syðri gangamunna Fáskrúðsfjarðarganga meðfram Suðurfjarðavegi að tengivirki all um 6 km.


B lagningu 132 kv jarðstrengs inn af botni Reyðarfjarðar, alls um 840 m leið.


C lagningu 132 kv jarðstrengs frá loftlínuenda Stuðlalínu 2 að tengivirki í Eskifirði og frá tengivirki að loftlínuenda Eskifjarðarlínu 1 alls um 2365 m að lengd.

Fyrirhuguð framkvæmdasvæði eru ýmist innan veghelgunarsvæða þjóðvega eða á línustæðum. Jarðstrengir í Fáskrúðsfirði, Eskifirði og Reyðarfirði munu liggja á eða við fjar- og grannsvæði vatnsverndar. Heilbrigðiseftirlit Austurlands gerir kröfur um að sótt verði um stafsleyfi vegna framkvæmda á vatnsverndarsvæðum í samræmi við reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Sigurður Ingason